

Persónuverndarstefna BPO Innheimtu ehf.

BPO Innheimta leggur mikla áherslu á að farið sé með gát þegar að kemur að persónuupplýsingum með lög og réttindi einstaklinga að leiðarljósi. BPO Innheimta notar persónuupplýsingar vegna vinnu við innheimtuþjónustu.

BPO Innheimta fær persónuupplýsingar frá kröfuhöfum, greiðendum, Þjóðskrá, Creditinfo og öðrum aðilum vegna meðferðar máls. BPO Innheimta starfar eftir ákvæðum laga og reglna um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lög nr.90/2018.

BPO Innheimta notfærir sér persónuupplýsingar aðallega til þeirra starfa sem innheimtuþjónustu fylgir, þ.e. að svara fyrirspurnum, taka á móti greiðslum og hafa samband við einstaklinga og minna á vangoldinnar kröfur.

BPO Innheimta mun nota allar persónuupplýsingar er til þess þarf til þess að lágmarka tjón BPO innheimtu eða kröfuhafa ef til ágreinings kemur.

Til þess að fá nánari útskýringar á notkun persónuupplýsinga þá er hægt að hafa samband við þjónustuver BPO Innheimtu.

Persónuupplýsingarnar eru geymdar eins lengi og þörf þykir en að lágmarki í þann tíma sem nauðsynlegt þykir skv. lögum um bókhald. Geymslutími kann að vera breytilegur eftir tegund og stærð mála.

Gögnin sem BPO Innheimta varðveitir í tengslum við persónuupplýsingar eru upplýsingar frá Þjóðskrá, Creditinfo og önnur gögn sem hafa borist. Þá varðveitir BPO Innheimta einnig upplýsingar um almenn skuldamál, vanskilaskráningar og símtalsupptökur.

Samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þá eiga einstaklingar rétt á því að fá afrit af persónuupplýsingum sínum. Þá hafa einstaklingar rétt á því að leiðrétta rangar upplýsingar ef svo ber undir, andmæla notkun og eyða þeim. Umbeðin gögn eru afhent á rafrænu formi til viðkomanda og afhendist skv. skráðum upplýsingum um netfang. Afhending gagna er viðkomandi að kostnaðarlausu sé beiðnin innan hefðbundinna marka, ef leggja út þarf í gagnavinnslu til ítarlegra gagna þá ber að greiða fyrir það skv. gjaldskrá BPO Innheimtu.

Hægt er að óska eftir gögnum með því að senda formlegt erindi á netfangið bpo@bpo.is eða senda á Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík. Upplýsingar um persónuvernd eru veittar í síma 4547000 eða á netfanginu bpo@bpo.is